

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Holtahverfis, norður.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 16. febrúar 2021 deiliskipulag fyrir Holtahverfi norður.

Deiliskipulagið felur í sér nýja íbúðabyggð norðaustan við Krossanesbraut með blandaðri byggð fjölbýlishúsa, raðhúsa, parhúsa og einbýlishúsa. Umferðarskipulag verður bætt, nýir stígar og útvistar-svæði verða í hverfinu og áhersla verður á vistvænt skipulag og umhverfisvænar samgöngur.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 42. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Stórhólts – Lynghólts.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 16. febrúar 2021 deiliskipulagsbreytingu fyrir Stórholt – Lyngholt.

Breytingin felur í sér að afmörkun skipulagssvæðisins breytist í samræmi við nýtt deiliskipulag Holtahverfis norður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 42. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Sandgerðisbótar.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 16. febrúar 2021 deiliskipulagsbreytingu fyrir Sandgerðisbót.

Breytingin felur í sér að afmörkun skipulagssvæðisins breytist í samræmi við nýtt deiliskipulag Holtahverfis norður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 42. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir Einholt og deiliskipulag Undirhlíðar – Miðholts, ásamt síðari breytingum.

F.h. Akureyrarbæjar, 26. apríl 2021,

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.